

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuréttindum sínum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns P. Emils hdl., kr. 700.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Hermann Jónsson, greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuréttindum sínum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa, og frestar áfrýjun ekki þessu ákvæði dómsins.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, síns Jóns P. Emils hdl., kr. 700.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. nóvember 1957.

Nr. 77/1956. **Efnagerð Reykjavíkur h/f**

(Ágúst Fjeldsted hrl.)

gegn

P. Beiersdorf & Co. A/G.

(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Brot gegn lögum nr. 14/1903 og lögum nr. 84/1933.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1956, krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Efnagerð Reykjavíkur h/f, greiði stefnda, P. Beiersdorf & Co. A/G., málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 8. maí 1956.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 26. f. m., hefur P. Beiersdorf & Co., A.-G., Hamborg, Þýzkalandi, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 17. desember 1955, gegn Stefáni Thorarensen vegna Efnagerðar Reykjavíkur h/f hér í bæ.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 28. júlí 1955 tilkynnti stefnandi vörumerkjaskrárritaranum í Reykjavík til skrásetningar vörumerki, sem skrásett var 24. september s. á. sem nr. 151/1955. Í auglýsingu um skrásetninguna, birtri í Lögbirtingablaðinu 12. október s. á., er vörumerki þessu lýst svo, að það sé „mynd af bláu dósarloki með hvítum, mjóum hring, en innan í hringnum standa orðin: NIVEA CREME ZUR HAUTPFLEGE“. Þá segir enn fremur í auglýsingunni, að samkvæmt tilkynningu 30. október 1950 sé merkið skrásett í München 25. apríl 1952, 34. flokki, fyrir hörundskrem.

Orðin í texta merkisins eru með hvítu prentletri. Er orðið „CREME“ sem næst í miðju merkinu, en fyrir ofan það orðið „NIVEA“. eru stafirnir í hvoru tveggja orðinu jafnstórir, en rúmlega helmingi stærri en í orðunum ZUR HAUTPFLEGE, sem standa fyrir neðan „CREME“ í einni línu. Hvíti hringurinn á merkinu er um 3 til 4 mm frá brún þess.

Hinn 24. ágúst 1955 barst vörumerkjaskrárritaranum í Reykjavík tilkynning frá stefnda um vörumerki, sem skrásett var 4. október s. á. sem nr. 155/1955. Í auglýsingu um vörumerki þetta, birtri í Lögbirtingablaðinu 15. s. m., er því lýst þannig: „Á hringlaga, bláum fleti er hvítur hringur. Efst í honum er mynd af sól, er kastar frá sér geislum. Innan í hringnum stendur með hvítum

stöfum: RÓSÓL CREME MEÐ A-VÍTAMÍNI. Verndar og mýkir húðina“, Er merki þetta skrásett fyrir hörundskrem.

Eins og í fyrrnefnda merkinu eru orðin í texta þessa merkis með prentletri, og er textanum komið fyrir í merkinu með líkum hætti. Þannig er orðið „CREME“ hér í miðju merkinu, en fyrir ofan það orðið „RÓSÓL“. Eru stafirnir í orðum þessum jafnstórir, en aðeins minni en í samsvarandi orðum í hinu merkinu. Önnur orð í texta merkisins eru með allmiklu smærra letri en fyrrnefndu orðin tvö og standa fyrir neðan „CREME“ í þremur línunum. Hvíti hringurinn í merkinu er eins og merki stefnanda að öðru leyti en því, að hann er örlítið breiðari. Verður sá munur þó vart greindur, nema beitt sé athygli. Þá er og sá munur á, að efst í hringnum í merki stefnda, lítið eitt til hægri við mitt merk-ið, er eftirlíking af sól, sem kastar frá sér 9 mislöngum geislum.

Þess var áður getið, að vörumerkin eru bæði blá að lit, og er sami blái liturinn á báðum.

Stefnandi hefur gert þær dómkröfur, að stefnda verði talið skylt að láta afmá framangreint vörumerki sitt úr vörumerkja-skránni, svo og að honum verði talið óheimilt að nota vörumerki þetta og bjóða til sölu vörur með merki þessu. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að umrædd vörumerki séu svo lík, að mjög mikil hættu sé á því, að villzt verði á þeim, enda séu bæði merkin skráð fyrir sömu vörutegund, sem seld sé í sömu verzlunum. Skírskotar hann í þessu efni til laga nr. 43/1903 og 84/1933.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að vörumerki þessi séu svo gjörólík, að engin hættu sé á, að villzt verði á þeim. Hið eina, sem segja meg, að líkt sé með merkjunum, sé blái liturinn í grunni þeirra, en það sé hæpið, að eigendur vörumerkja geti tryggt sér réttarvernd fyrir ákveðnum lit á umbúðum, sem aðrir meg ekki nota.

Enda þótt heiti þeirrar vöru, sem umrædd vörumerki eru bæði skráð fyrir og áberandi eru í texta þeirra, orðin „NIVEA“ og „RÓSÓL“, séu gjörólík svo og efni textanna að öðru leyti, utan orðið „CREME“, og þrátt fyrir eftirlíkingu þá af sól, sem áður var lýst og skilur á milli þeirra, verður þó að telja, þegar það er virt, sem sameiginlegt er með merkjunum samkvæmt framan-sögðu, að í heild séu merkin svo lík, að hættu sé á því, að almenn-ingur villist á þeim. Með skírskotun til þessa og þegar þess er jafnframt gætt, að merkin eru skrásett fyrir sömu vörutegund

og að merki stefnanda er ekki einasta tilkynnt, heldur og skrásett fyrr, ber með vísun til 13. sbr. 14. gr. laga nr. 14/1903 að taka kröfur stefnanda í málinu til greina. Enn er þess að geta í þessu sambandi, að upp er komið í málinu, að aðiljarnir hafa notað nákvæmlega eins umbúðir fyrir umrædda vörutegund. Eru umbúðirnar hringlaga blikkdósir, samlitir merkjunum, og eru myndir af merkjunum á dósалokunum. Fer notkun stefnda á umbúðum þessum í bága við 1. gr. laga nr. 84/1933.

Úrslit málsins samkvæmt framansögðu verða þá þau, að stefnda skal skylt að láta afmá oftnefnt vörumerki sitt úr vörumerkjaskránni í Reykjavík, svo og skal honum óheimilt að nota merki þetta og bjóða til sölu vörur með merkinu á.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm ásamt meðdómsmönnum Árna Árnasyni kaupmanni og Jóhanni Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefnda, Stefáni Thorarensen vegna Efnagerðar Reykjavíkur h/f, er skylt að láta afmá framangreint vörumerki, nr. 155/1955, úr vörumerkjaskránni í Reykjavík. Stefnda er óheimilt að nota merki þetta og að bjóða til sölu vörur með merkinu á.

Stefndi greiði stefnanda, P. Beiersdorf & Co. A/G, kr. 3000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þess að viðlagðri aðför að lögum.
